

FUNDARGERÐ

AÐALFUNDUR Véladeildar Verkfræðingafélags Íslands (VVFÍ), 29. APRÍL 2010.

Boðað var til fundarins með tölvupósti á alla vélaverkfræðinga 10 dögum fyrir fund og aftur 2 fyrir aðalfundinn. Fundurinn telst því löglegur. Sem betur fer kemur ekki fram í samþykktum, að lágmarksfjöldi sé krafizt, því að aðeins 4 félagsmenn létu sjá sig.

Á undan fundinum var kynning á rafbílum og rafbílavæðingu landsins. Það er óhætt að segja, að hér er um þjóðþrifafyrirtæki að ræða og gjaldeyrissparnaður yrði á borð við þann, sem er af því að nota jarðhitavatn til kyndingar eða tugir miljarða. Kynninguna flutti Sighvatur Lárusson fulltrúi fyrirtækisins Northern Lights Energy og verkefnisins 2012. Kynningin var mjög áhugaverð og sýnir, að ávinningur verður mikill af rafbílavæðingu, en mörg verkefni þarf að leysa áður en henni verður komið á. Búið er að leysa mörg vandamál, svo sem endingu rafhlaða og að taka ákvörðun um tengistaðla og fleira. En vegna þess hve fundurinn var fámennur, bauðst Sighvatur til að koma aftur, ef takast mætti að fá fjölmennari fund hjá Verkfræðingafélaginu.

Aðalfundurinn gekk greiðlega fyrir sig eins og ævinlega, á innan við 25 mínútum. Flutt var skýrsla stjórnar og ársreikningar kynntir. Síðan fór fram kjör stjórnar. Úr stjórn gekk **Ólafur Pétur Pálsson**, en í staðinn kom **Björn Helgason** og var hann einróma kjörinn. Undir liðnum önnur mál var rætt um heppilegan tíma til skoðunarferða á vegum félagsins og komið með hugmyndir að skoðunarferðum. Eftirfarandi hugmyndir um heimsóknir komu fram:

Heimsókn í Set ehf + mjólkurbú Flóamanna á Selfossi

Heimsókn í Bláa Lónið + Orkuverið í Svartsengi

Heimsókn í Reykjanesvirkjun + Saltverksmiðju

Heimsókn í bjórverksmiðju á Suðurlandi

Heimsókn í vatnsverksm. í Þorlákshöfn+humarhúsið+garðyrkjuskólann í Hveragerði

Heimsókn í kartöfluverksmiðjurnar í Þykkvabæ

Heimsókn í Becromal álþynnuverksmiðju+Kröflu

Hugleiðingar formanns:

En þótt margar hugmyndir komi fram, kemur allt fyrir ekki, ef þátttakan er lítil sem engin. Síðust þrjá aðalfundi VVFÍ hefur þátttakan verið innan við 5 manns, þrátt fyrir áhugaverð erindi, sem flutt hafa verið við öll tækifærin. Við önnur tækifæri hefur öllum verkfræðingum verið boðin þátttaka og hefur þá verið góð aðsókn, þannig að aðrar deildir en VVFÍ hafa haldið uppi starfi VVFÍ.

Þess vegna kemur til álita að sameina VVFÍ einhverri af hinum deildum Verkfræðingafélagsins.

Fundarritun:

Egill Þórðarson, Hafnarfirði 3. maí 2010

P.S. Ef fólk vill koma á framfæri athugasemdum, tillögum, hugmyndum eða vilja til þátttöku er það beðið að senda slíkt á núverandi formann, Egil Þórðarson á egla@internet.is